



Fundargerð.

2. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 3. desember 1997.

Formaður L.H. Birgir Sigurjónsson setti fundinn kl. 1400 og bauð fundarfólk velkomið. Birgir stjórnaði fundinum og ritaði jafnframt fundargerð.

Þessir voru mættir :

Aðalmenn í stjórn: Birgir Sigurjónsson formaður, Jón A. Sigurbjörnsson varaformaður, Sigrún Ólafsdóttir, Bergur Jónsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Halldór Gunnarsson og Sigurgeir Bárðarson. Varamenn: Sigurður Marínússon, Oddný Jónsdóttir og Sigurður Ragnarsson. Einnig sat fundinn eins og venja er framkvæmdastjóri L.H. Sigurður Þórhallsson.

1. mál.

Dagskrá fundarinn. Farið var yfir dagskrá fundarins og röðun hennar breytt nokkuð að tillögu fundarstjóra.

2. mál.

Æskulýðsnefnd. Formaður Æskulýðsnefndar Rosemarie Þorleifsdóttir og Elín Magnúsdóttir komu á fundinn að boði stjórnar. Rosemarie gerði mjög ýtarlega grein fyrir starfi nefndarinnar fyrr og nú. Sérstaklega gerði hún grein fyrir undirbúningi að væntanlegu **YOUTH CUP** móti FEIF sem haldið verður á næsta sumri. Fundarmenn þökkuðu fyrir greinargóðar upplýsingar.

Talsverðar umræður urðu framkvæmd YOUTH CUP mótsins og töldu menn það svo umfangsmikið að skipa yrði framkvæmdanefnd til að sjá um undirbúning og framkvæmd þess. Fram kom að tveir mótsstaðir höfðu komið til greina þ.e. Hvanneyri og Gaddstaðaflatir. Að athuguðu máli komu Gaddstaðaflatir frekar til greina meðal annars vegna verðmunar á tilboðum og betri valla.

Fulltrúar Æskulýðsnefndar voru beðnir að senda stjórn L.H. sundurliðaðar og staðfestar kostnaðaráætlanir vegna mótahalds Youth Cup á Helli n.k. sumar fyrir næsta stjórnarfund L.H. sem er ákveðinn 7. jan. 1998.

3. mál.

Kjör ritara og gjaldkera í stjórn L.H.

Formaður lagði til að Sigurgeir Bárðarson fyrrv. gjaldkeri L.H. verði tilnefndur gjaldkeri. Önnur tillaga koma fram frá Jóni Albert Sigurbjörnssyni um Sigrúnu Ólafsdóttur fyrrv. gjaldkera HÍS og voru greidd atkvæði um tilnefningarnar, sem féllu þannig að Sigurgeir Bárðarson fékk fjögur atkvæði og Sigrún Ólafsdóttir þrjú. Ritari var tilnefndur Halldór Gunnarsson og það var samþykkt samhljóða.

4. mál.

Samgöngu- og ferðamálanefnd.

Sigríður Sigþórsdóttir gerði grein fyrir starfslýsingu nefndarinnar og lagði fram tillögu um að nefnd sem séð hefur um úthlutun reiðvegafjár verði sameinuð samgöngu og ferðamálanefnd. Það samþykkt. Sigríður lagði til að nefndin yrði skipuð sömu mönnum og skipuðu ferða og umhverfisnefnd LH 1997 en þeir eru:

Sigríður Sigþórsdóttir Sörla formaður, Hermann Árnason Síndra, Hjalti Jón Sveinss Þjálfar, Björn Sveinsson Stíganda og Ólafur Jónsson Gusti. Þetta samþykkt.

Einnig voru lögð fram drög að starfslýsingu fyrir útbreiðslu og kynningarnefnd og landnýtingar og umhverfisnefnd sem Sigríður og Jón Albert höfðu undirbúið. Ákveðið var að fundarmenn skoðuðu drögin fram að næsta fundi og þá yrði skipað í þessar nefndir. Jafnframt var Sigurði Þ. og Sigrúnu Sigurðardóttur falið fyrir næsta fund stjórnar að setja upp drög að starfslýsingu annara nefnda sem skipa þarf í. Þegar hér var komið fundi vék Sigríður af fundinum vegna anna við önnur störf.

5. mál.

Aðrar nefndir.

Í **Æskulýðsnefnd** voru tilnefnd : Rósemarie Þorleifsdóttir Smára, Elín Magnúsdóttir Sörla, Birna Hauksdóttir Faxa, Steinunn Gunnarsdóttir Geysi og Jóhanna Geirsdóttir Gusti.

Í **framkvæmdanefnd vegna Youth Cup á Íslandi 1998** voru tilnefnd Rosemarie Þorleifsdóttir Smára, Elín Magnúsdóttir Sörla, Sigurgeir Bárðarson Geysi, Haukur G Kristjánsson Geysi og Sigrún Ólafsdóttir Snæfellingi. Rosemarie kallar nefndina saman til fundar.

Tilnefningu í FEIF nefnd var frestað þar sem menn vildu huga að því hvort ekki væri ástæða til að sameina FEIF nefnd og Landsliðsnefnd.

Skógarhólanefnd var tilnefnd óbreytt frá síðasta starfsári þ.e. Guðmundur Einarsson Fáki, Gunnar B. Gunnarsson Sleipni og Hreinn Ólafsson Herði.

Fulltrúi í Íslandsmótanefnd var tilnefndur Jón Halldórsson Faxe.

6. mál.

Þinggerð 48. Ársþings L.H.

Þinggerðin var lögð fram. Stjórnarmenn þökkuðu starfsliði skrifstofunnar hve þinggerðin væri snemma tilbúin en hún verður send út næstu daga til þingfulltrúa og annara er málið varðar.

7. mál.

Störf laganefndar sem tilnefnd var á fyrsta fundi stjórnar L.H. 12. nóv. s.l. Formaður gerði grein fyrir störfum nefndarinnar sem skilaði af sér með bréfi til aðildarfélaga L.H. leiðbeiningum varðandi sameiningarferlið heima í félögunum og hefur nefndin þar með lokið störfum. Sigrúnu Sigurðardóttur var falið að senda bréfið út til hestamannafélaganna og vera þeim til aðstoðar eftir því sem þörf krefur. Sími Sigrúnar er 581 1103 frá 8:30 til 13:00 virka daga.

8. mál.

Húsnæðismál og fl. : Þau mál eru enn í athugun. Þrjú möguleikar eru á húsnæði hjá Í.S.Í. og eru þeir allir til skoðunar. Einnig hefur borist bréf þar sem L.H. er boðin aðstaða í Reiðhöllinni í Reykjavík. Einnig komu starfsmannamál lítillaga til umræðu undir þessum lið.

9. mál.

Önnur mál :

Rætt var um kvikmyndun LM 1998. Kynnt var bréf frá framkvæmdastjórn LM 98 þar sem boðist var til að sjá um þessi mál. Ákveðið var að efna til fundar með eftirtöldum aðilum um þessi mál: Formanni, ritara, framkvæmdastjóra L.H., fulltrúa frá framkvæmdanefnd LM 98 og Sjónvarpinu.

Bréf til Þingvallanefndar um uppgjör vegna Skógarhóla í sumar var kynnt stjórnarmönnum. Engar athugasemdir gerðar.

Reglugerðaruppkast vegna Landsmótasjóðs. Því var vísað til framkvæmdastjóra í áframhaldandi vinnu.

Jólakortasendingar. Fara skal eftir lista sem í gildi hefur verið hjá LH og HÍS.

Formaður kynnti bréf frá FEIF þar sem boðað er til árlegs fundar í sportnefnd FEIF.

Fagráð í hrossarækt. Nokkur umræða varð um fulltrúa LH í Fagráði í hrossarækt. Ákveðið var að form. L.H. ræddi við formann Félags Hrossabænda Berg Pálsson um þetta mál.

Næsti fundur stjórnar var ákveðinn 7. janúar 1998 kl. 1400 í Bændahöllinni Reykjavík.